

lögreglustjóri tekur gildar, til afnota á vegabréfið og spjaldskrána. Hann skal og gefa allar þær upplýsingar, sem lögreglustjóri telur nauðsynlegar við útgáfu vegabréfsins og samning spjaldskrárinnar. 29. marz 31

5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 10000.00.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 10 15. maí 1942, um notkun vegabréfa innanlands, og eftir tilmælum bæjarstjórnar Vestmannaeyja, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 29. marz 1960.

Ingólfur Jónsson.

Gústav A. Jónasson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð frú Gunhördu Magnússon, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 31. marz 1960. 31. marz
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð frú Gunhördu Magnússon.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður frú Gunhördu Magnússon.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Ingólfi Magnússyni, Hvanneyri, Andakílshreppi, eiginmanni frú Gunhördu, og börnum þeirra með minningargjöf að upphæð kr. 5000.00 — fimm þúsund krónur — til kvenfélagsins 19. júní í Andakíl í Borgarfjarðarsýslu. Gunharda var fædd í Noregi 22. júní 1896 og andaðist 24. jan. 1959.

3. gr.

Sjóðurinn er eign félagsins, en með sérstöku reikningshaldi, og er hann undanþeginn öllum fjárhagsskuldbindingum félagsins.

4. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

5. gr.

Ársreikningur sjóðsins skal endurskoðaður af endurskoðendum félagsins og lagður fram til samþykktar á aðalfundi félagsins.

6. gr.

Fastar tekjur sjóðsins eru vextir af höfuðstóli. Sjóðinn skal efla með frjálsum framlögum, gjöfum og áheitum, sölu minningarspjalda og heillaóskaskeyta, sem stjórn sjóðsins lætur gera. Enn fremur skal efla sjóðinn á hvern þann hátt, er

32 sjóðstjórn telur tilhlýðilegt hverju sinni. Á hverju minningar- eða heillaóskaspjaldi
31. marz skal tiltekið, að gjöf hafi verið afhent Minningarsjóði frá Gunhördu Magnússon.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabækur fyrir sjóðinn og færa í þær skipulagsskrána, gjafir til sjóðsins, styrkveitingar, fundarsamþykktir, ársreikninga og annað, sem varðar starfsemi sjóðsins.

7. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja eða gleðja þær félagskonur, sem verða fyrir erfiðleikum eða fjárhagstjóni vegna langvarandi veikinda, slysa, dauðsfalls innan fjölskyldu þeirra eða öðrum örðugleikum af þeim óviðráðanlegu orsökum.

8. gr.

Ábendingar eða umsóknir um styrki úr sjóðnum skal senda sjóðstjórn fyrir 1. desember ár hvert, og útborgun styrkja fari fram eigi síðar en um miðjan desember.

9. gr.

Til styrkveitinga er heimilt að verja öllum vaxtatekjum sjóðsins ár hvert. Eftir að sjóðurinn hefur náð kr. 10000.00 — tíu þúsund krónum —, er auk þess heimilt að verja allt að helmingi annarra tekna til styrkveitinga, þó þannig, að heildarstyrkur ár hvert sé ekki hærri en sem svarar $\frac{1}{10}$ hluta af eign sjóðsins við síðasta reikningsuppgjör. Sé eitthvert ár ekki notuð heimiluð upphæð til styrkveitinga, skal hún eða eftirstöðvar hennar lagðar við höfuðstól.

10. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxtað á eftirfarandi hátt:

1. Í ríkisskuldabréfum.
2. Í skuldabréfum, sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
3. Í bönkum og sparissjóðum, sem fullnægja ákvæðum laga nr. 69/1941.

11. gr.

Til þess að taka út fé sjóðsins, þarf undirskrift formanns og gjaldkera sjóðstjórnar.

12. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjár félagskonur, sem kosnar eru á aðalfundi félagsins til þriggja ára í senn, og skal ein ganga úr eftir hlutkesti á ári. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

13. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari má því aðeins gera, að þær hafi verið samþykktar með $\frac{3}{4}$ hluta greiddra atkvæða á aðalfundi kvenfélagsins 19. júní.

14. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.